

Erindi Ásgeisr Þórs Ólafssonar, íbúa í borgarhlutanum, ódags. um úrbætur í umferðaröryggismálum í Eskihlíð.

Eskihlíð, til úrbóta í umferð.

Allar götur frá því við fjölskyldan fluttum í Eskihlíð hafa atriði varðandi umferð truflað mig.

Það má telja nokkur atriði upp og eitt af því fyrsta var að merkingar á hraðahindrun og gangbraut voru ófullnægjandi. Gerði ég óformlega athugasemd við Borgina en þeim athugasemdum var ekki sinnt. (sjá Gönguþveranir – Leiðbeiningar, bls 18, mynd 8).

([https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leiðbeiningar_gangbrautir/\\$file/2015-01-13_Leiðbeiningar_gangbrautir.pdf](https://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Leiðbeiningar_gangbrautir/$file/2015-01-13_Leiðbeiningar_gangbrautir.pdf),)

Vil draga saman mín viðhorf varðandi Eskihlíð.

1. Fjölgun barna er vel merkjanleg (engar tölur)
2. Hraði er mikill í götunni
3. Misræmi er í merkingum á hraðahindrun og gangbraut.
4. Lýsingu er ábótavant.
5. Mikil hætta er við mót göngustígs og Eskihlíðar fyrir gangandi og hjólandi þar sem byggt hefur verið um sorptunnur.
6. Gera götuna að vistgötu.

Fyrir nokkrum árum var gatan endurgerð, malbikuð. Þegar kom að merkingum miðlínu tók ég eftir því að hún var lögð í miðja götu sem gerir það að verkum að þegar bílum er lagt norðan við götuna þurfa ökumenn að aka niður að hluta um syðri akrein sem eðlilega getur valdið slysum. Vakti ég athygli á þessu við þann sem sá um verkið en mætti þar útúrsnúningum og leiðindum en loks fengust þeir til að taka upp merkinguna fyrir neðan E 10 á miðlínunni og ganga frá henni á eðlilegan máta.

Hef síðan reynt að vekja athygli á þessum málum bæði hjá RVK og eins vakti ég athygli á þessum hættum við forvarnarfulltrúa VÍS. Þær athugasemdir hafa ekki borið árangur.

Þetta skeyti er í stikkorða stíl en af mörgu er að hyggja varðandi þennan málaflokk í borginni,